



## Vinnustofa #4 „Tengsl nýsköpunar, hugverka, menningar og skapandi greina“

Vinnusmiðjustjórar: Dr. Bergsveinn Þórsson, lektor við Háskólann á Bifröst og Margrét Júlíana Sigurðardóttir, stofnandi Musilla og Moombix.

Ritari: María Kristín Gylfadóttir, verkefnisstjóri við Háskólann á Bifröst.

Markmið vinnustofunnar var að ræða hvernig hugverk, nýsköpun, menning og skapandi greinar tengjast. Hugverk eru huglæg og óáþreifanleg en eru oft verðmætustu eignir fyrirtækja. Hugverk verða til við þróun nýrra hugmynda, lausna eða endurbóta (við nýsköpun). Menning og skapandi greinar eru oft hvati nýsköpunar, nauðsynlegar í hvers kyns lausnaleit og í þverfaglegri nýsköpun. Rædd verður ólík aðferðafræði, ferli og stoðkerfi nýsköpunar, og hvernig hægt sé að auka getu frumkvöðla og fyrirtækja í skapandi greinum til að leiða nýsköpun og stuðla að samkeppnishæfni og sjálfbærni samfélaga.

### 1. Hvernig lítur stoðkerfi nýsköpunar út gagnvart menningu og skapandi greinum og hvernig er hægt að hreyfa sig innan þessa stoðkerfis í dag?

Mikilvægt að ræða skilgreiningar - ólík starfsemi sem myndar samt heild, hver grein er mikilvægt þúsl í mengið. Samtalið um skapandi greinar er "grasrótar" samtal /samþjöppun sem kemur neðan frá upp í stjórnkerfið. Þegar horft er til stoðkerfis nýsköpunar er mikilvægt að átta sig á því að atvinnugreinarnar innan skapandi greina eru ólíkar og þurfa mismunandi stuðning. Skapandi greinar eru margir ólíkir hagsmunahópar EN hagurinn af þeim skiptir máli fyrir allt samfélagið.

Stoðkerfið er að mörgu leyti ósveigjanlegt. Dæmi var tekið af styrktarsjóðum. Erfitt getur verið að breyta áherslum í sjóði, s.s. vegna ófyrirséðra breytinga í samfélagi, og erfitt getur verið að færa fjármagn á milli sjóða. Sömuleiðis getur reynst erfitt fyrir einstaklinga að nýta sér þróunarsjóði, s.s. umsækjandi þarf að vera lögaðili (s.s. skattfrádráttur, Tækniþróunarsjóður (Vöxtur)) og oft þarf að vera teymi á bak við hugmynd að verkefni. Mikilvægt að gera öllum kleift að sækja fjármagn úr þróunarsjóðum því annars fer verðmætasköpunin burt, við missum hana út!

Horfa þarf meira til nýsköpunar innan stjórnsýslu. Dæmi var tekið um stjórnskipulag nýs ráðuneytis háskóla, nýsköpunar og iðnaðar þar sem starfsfólk vinnur í teyllum og sprettum. Nýsköpun er alls staðar, s.s. innan allra ráðuneyta, en stjórnkerfið þarf að hugsa og vinna sem ein heild. Sýnileg nýsköpun innan stjórnsýslu gæti haft jákvæð áhrif á þróun stoðkerfis, s.s. þróun þess kerfis sem er við lýði í dag, sem og nýsköpun innan stoðkerfis.

Hvað vantar og hverju mætti breyta? Það vantar tölfræðileg gögn til að byggja ákvarðanir á varðandi það hversu skilvirkt stoðkerfið er, hverjum það þjónar (t.d. hvaða mark- og aldurshópum). Þessi göt í gagnasöfnun og skortur á aðgengi að gögnum hefur sérstaklega áhrif á skapandi greinar og gerir það að verkum að erfitt er að skilgreina virðið.



Stuðningur og upplýsingagjöf varðandi vernd hugverka og vörumerkja er að einhverju leyti til staðar í dag, hægt að sækja um lága fjárhæð til að vinna einkaleyfisumsókn hjá Rannís en ráðgjöf mætti bæta, s.s. bjóða fleirum og fyrr.

## 2. Hvernig getum við betur stutt við frumkvöðla og fyrirtæki á sviði menningar og skapandi greina – hverju mætti breyta/bæta í núverandi stoðkerfi?

Vinna þarf markvisst að því að auka virði lista, byrja á menntakerfinu, strax í leikskóla, og skapa fleiri börnum raunveruleg tækifæri til að stunda listnám, s.s. á landsbyggð og á ólíkum skólastigum. Jákvætt að stuðla að auknu samstarfi háskóla um þróun nýrra námsleiða og náms, s.s. STEAM nám (HVÍN samstarfssjóður háskóla) en hvað með hin skólastigin?

Útvíkka þarf aðgengi að styrktarsjóðum, s.s. Tækniþróunarsjóði (TPS), fyrir þá sem eru að vinna að nýsköpunar- og þróunarverkefnum og/eða byggja fyrirtæki sín á nýsköpun og þróun. Skoða þarf skilgreiningar TPS á hvað telst vera þróunar- og nýsköpunarverkefni og rýna hvernig rannsóknatengd verkefni í skapandi greinum henta inn í Rannsóknasjóð. Auka þarf fjármagn inn í einstaka styrktarsjóði. Margir af litlu sjóðunum eru sprungnir. Nýlega var sótt um í Hönnunarsjóði upp á rúmlega 200 milljónir en úthlutað fjármagn var 16 milljónir eða 8% árangurshlutfallt.

Endurskoða má bæði matsviðmið einstakra styrktarsjóða (hvernig taka þau tillit til sérkenna skapandi greina) sem og viðhorf matsmanna í einstaka sjóðum gagnvart þróun og nýsköpun sem kemur frá skapandi greinum. Endurskoða þarf hvað er nýsköpun og hver skilgreinir það? Viðhorf eru að breytast en gerist hægt. Hægt að líkja stöðu skapandi greina í þessu tilliti við viðhorf til „brjáláða“ frumkvöðulsins - vísindamanninum sem var einn að rannsaka – fyrir ekki margt löngu.

Tengslanet innan ólíkra greina er mjög mismunandi. Það getur líka verið mjög ólíkt innan greina, s.s. ólíkir tónlistarmenn/ólík tónlist. Taka þarf tillit til þess við uppbyggingu stuðningsumhverfis.

Sókn á erlenda markaði t.d. kallar á mikið fjármagn rétt eins og lítið sprotafyrirtæki. Efla má útflutningssjóði töluvert og sjóðirnir þurfa að geta breyst hraðar. Sömuleiðis þarf betra aðgengi að sjóðum sem sinna rannsóknum og þróun, markaðsmálum, ferðum og ólíkum þáttum í virðisikeðju þróunar, þ.e. frá FRÆI til GULLEGG. Ráðgjöf til þeirra sem starfa innan skapandi greina, s.s. um sókn í sjóði, utanumhald um starfsemi og uppgjör o.flr.

Þá mætti skoða af alvöru að búa til samstarfsvettvang, s.s. klasa, fyrir skapandi greinar (háskólar, fyrirtæki, samfélög). Klasar eru vel til þess fallnir að taka mið af kviku umhverfi eins og margar skapandi greinar starfa í. Taka mið af umhverfinu og fá skuldbindingu frá ráðuneytum. Skapandi greinar ein atvinnugrein nefnd í [Klasastefnu stjórnvalda frá 2021](#).



**3. Er með einhverjum hætti hægt að mæla virði skapandi greina í samfélaginu (í krónum og hagvexti) eða eigum við að sætta okkur við þá niðurstöðu að virðið sé ómælanlegt?**

Listir eru bara vara sem er undirverðlögð. Erfitt í dag að sýna að virði lista skili sér til baka inn í samfélagið. Þetta þarf að skoða með rannsóknum. Mætti einnig skoða hvernig hægt sé taka fólk eins og fræðimenn með inn í mengið skapandi greinar. Þörfin fyrir að mæla virði skiptir máli. Ekki alltaf augljóst hvað á að mæla. Bæta þarf til muna öflun tölfraeðigagna, upplýsinga og rannsókna. Þau gögn eru grunnur fyrir stefnumörkun, grunnur þess að mæla virði.

Samfélagsleg nýsköpun vex hratt. Ákveðinn hluti nýsköpunar innan skapandi greina er og verður samfélagsleg. Sjálfbærni sem grunnstoð þýðir ekki að fyrirtæki geti ekki skilað arði. Það þarf hins vegar að breyta viðhorfum varðandi samfélagslega nýsköpun og að af henni geti verið mikill arður bæðifjárhagslegur og samfélagslegur. Tekur tíma að breyta viðhorfum/áherslum í samfélagi/fjármagni.

**4. Hvaða rannsóknir mynduð þið vilja sjá á tengingu atvinnulífsins við hinar skapandi greinar og hverjar þeirra teljið þið vera mest aðkallandi eða muni skila hagnýtum niðurstöðum?**

Tilhneiging til að skilja listirnar/skapandi störf út undan þegar kemur að mælingum og rannsóknum. Þurfum að leggja meiri áherslu á að skilja það sem sameinar. Skapandi greinar og skapandi einstaklingar munu skipta lykilmáli í rannsóknum framtíðar. Ætla má að flestar rannsóknir verði þverfaglegar í framtíðinni. Þar munu skapandi greinar gegna lykilhlutverki.

- Markviss öflun og rýning á tölfraeðigögnum. Mikilvægt að vera með grunntölur. Þurfum að koma okkur saman um hvað þarf að mæla reglubundið). Skiptir máli því atvinnugreinin breytist svo hratt. Öflun gagna þarf að vera undirbyggð af stefnu - ekki bara afla gagna til að afla þeirra.
- Hæfnitengdar rannsóknir - í gegnum rannsóknir veita t.d. STEAM nálgun í námi sterkari grundvöll - af hverju STEAM?
- Horfa til alþjóðlegra mælikvarða s.s. [Global Innovation Index](#) og hvar við á Íslandi stöndum gagnvart þeim mælikvörðum.
- Hægt að rýna/skoða hvar hugverk verða til, þ.e. í hvaða atvinnugreinum. Hugverkastofa getur skoðað gögn um hugverk eftir greinum.
- Megindlegar rannsóknir um mismunandi atvinnugreinar þar sem þær eru mjög ólíkar markar (s.s.ferlar, áskoranir og tækifæri).
- Rýna aðferðafræði listamanna og frumkvöðla og bera saman – hvað getur listamaðurinn lært af frumkvöðlinum og öfugt.